

Fundur í umhverfisnefnd 29. september kl. 13:00

Mættir: Natalía - 1. bekk, Díana - 2. bekk, Eymar - 3. bekk, Andrés - 5. bekk, Stefanía Katrín - 6. bekk, Rakel Ásta - 7. bekk, Jörgen - 8. bekk, Guðrún - 9. bekk, Gabríel - 10. bekk, Helena, Sigga Vill og Sigga Lára. Heimir fulltrúi 4. bekkjar og Helga Harðardóttir voru fjarverandi.

Helena bauð nýja umhverfisnefnd velkomna til starfa.

1. Hvað gerir umhverfisnefnd? Umræður. Fer vel um náttúruna, flokkar efni, rafmagnssparnaður, hugsað um ganga vel um náttúruna og minnka matarsóun.
2. Umhverfispema, ákvæði taka fyrir lýðheilsu og jafnvel kalla þemað „Heilsa yfir höfuð“. Hvernig er heilsa okkar í skólanum, líður okkur vel, hreyfum við okkur nóg, sofum við nóg, erum við dugleg að vera úti í náttúrunni, borðum við hollan mat, erum við góð hvert við annan? Hvaða áhrif hefur lífsstíll okkar á umhverfið? Hvað gerum við til að líða vel, sofa nóg, leika saman, hafa áhugamál, borða fjölbreytta fæðu og drekka vatn. Hugmyndir að stöðvum: Búa til eitthvað að hollt að borða, íþróttastöð, tónlist, dansstund, slökun, útileikir og gönguferðir í náttúrunni.
3. Tæma flokkunarílát, umræður og skipulag, unglingar sjá um að tæma ílát í vinnuherbergi, nefndarmenn fylgjast með ílátum í sínum heimastofum.

Fundi slitið kl. 13:30